

10. FUNDUR STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS STARFSÁRIÐ 2019-2020

Mánudaginn 10. febrúar kl. 17:00 var haldinn tíundi fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Fundurinn var haldinn á skrifstofu félagsins í Síðumúla.

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Heiðar Sveinsson, Svava Björk Ásgeirsdóttir og Þorsteinn Thorsteinson auk varamanna Guðna B. Guðnasonar og Guðbjargar Guðmundsdóttur.

Guðný Isaksen framkvæmdastjóri HRFÍ sat fundinn.

Herdís Hallmarsdóttir þurfti að yfirgefa fundinn kl. 18:00 og Þorsteinn gat ekki mætt fyrr en kl. 18:00.

Heiðar Sveinsson og Þorsteinn Thorsteinson rituðu fundinn.

Dagskrá:

1. Tölvukerfið

Breytingar sem HRFÍ hefur farið fram á í tölvukerfi Danska hundaræktarfélagsins (DKK) geta haft áhrif á kerfi DKK. Félagið hefur því boðið HRFÍ að kaupa tölvukerfið af þeim fyrir einungis um 800 þúsund kr. íslenskar sem er gríðarlega hagstætt verð. HRFÍ myndi þá semja beint við norska fyrirtækið sem sér um þróun og hýsingu á kerfinu en bæði DKK og Norsk Kennel Klub (NKK) nota sama tölvukerfi. Ef af verður falla leyfisgjöld til DKK niður en HRFÍ borgar þróun og hýsingu auk þess sem auknir möguleikar skapast á útliti tölvukerfis og þýðingu á íslensku.

Guðný fór yfir stöðu málsins, sýndi inn í kerfi DKK en þar er hægt að nálgast mikið af gagnlegum upplýsingum.

Áformaður er fundur um þessi mál í Noregi í byrjun mars og stefnt er á að senda fulltrúa HRFÍ á þann fund.

Endanleg ákvörðun ekki tekin en allir stjórnarmenn þó sammála um að fara þessa leið en jafnframt afla nánari upplýsinga. Ræddur var möguleikinn á að leita til félagsmanna HRFÍ, senda út valgreiðslur til styrktar kaupum og aðlögun tölvukerfisins. Einnig var rætt hvort reyna ætti að fá stuðning fyrirtækja og eða opinberra sjóða til þessa verkefnis.

2. Kostnaður við Sám

Prent- og dreifingarkostnaður Sáms hefur hækkað mikið og nokkrar umræður skapast um málið. Umræður um hvort minnka skuli blaðið, jafnvel gefa einungis út eitt tölublað á ári og hvort hægt væri að færa blaðið í auknum mæli á netið. Jafnvel athuga með sérstakt lén fyrir Sám.

3. Reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ og Standing Orders of the FCI - erindi frá félagsmanni (fylgiskjal 1)

Í framhaldi af umræðum síðasta fundar (sjá lið 6 í fundargerð 9. fundar) er málið rætt áfram og verður leitað til finnska og norska hundaræktarfélagsins og fengin túlkun þeirra og skilningur á þeirri stöðu sem upp kemur þegar eigandi og meðeigandi ræktunarnafns eiga ekki heimilisfesti í sama landinu.

4. Aflétting ræktunarbanns – erindi frá Schnuzerdeild

Áfram rætt um mögulega afléttingu ræktunarbanns á schnauzer að beiðni Schnuzerdeildar, sem rætt var á síðasta fundi. Ákveðið að leita álits Ræktunar- og staðlaráðs.

Fundi slitið 19:00